

Dalur, Eskifjörður Fjarðabyggð

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft til suðvesturs yfir skipulagssvæðið

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Fyrri rannsóknir	4
3.	Staðhættir	4
4.	Rannsókn – aðferð	5
5.	Fornleifaskrá	5
6.	Niðurstöður	5
7.	Heimildaskrá	7

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
3064


Tilgangur úttektar:
Deiliskipulagsgerð

Staðsetning:
Dalur, Eskifjörður

Dagsetning vettvangsferðar:
8. júní 2022

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Sveitarfélagið Fjarðabyggð stefnir á að taka svæði í Dal á Eskifirði, austan við Norðfjarðargöng, undir nýtt athafnarsvæði. Fornleifaskráning var gerð í tengslum við Norðfjarðargöng árið 2007 en náði aðeins yfir hluta svæðisins.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið ofan á loftmynd frá 1955

2. Fyrri rannsóknir

Tvær fornleifaskráning liggja fyrir sem ná yfir skipulagssvæðið. Árið 2004 vann Bygðasafn Skagfirðinga fornleifaskráningu vegna aðalskipulags Fjarðabyggðar; *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð* (skýrsla nr. 2004/27). Sú skráning uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Í tengslum við framkvæmdir Norðfjarðarganga vann Bygðasafn Skagfirðinga fornleifaskráningu fyrir áhrifasvæði þeirra framkvæmda; *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðfjarðarveg og Norðfjarðargöng* (skýrsla nr. 2007/69). Sú skráning nær aðeins yfir hluta fyrirhugaðs skipulagssvæðis.

3. Staðhættir

Svæðið er að stórum hluta raskað en það var nýtt sem efnislosunarsvæði við gerð Norðfjarðarganganna þar sem efni var haugsett úr göngunum. Einnig var svæðið nýtt sem geymslusvæði á meðan á framkvæmdum stóð. Svæðið var fyrir það hluti

af túnnum Eskifjarðarbæjarins og stóðu þar áður ofar í landinu útihús sem voru tekinn niður í kringum 2013. Svæðið sunnan til var áður áreyrar.

4. Rannsókn – aðferð

Farið var yfir fyrirbyggjandi fornleifaskráning, auk byggðasögðu, túnakort, eldri loftmyndir og örnefnaskrá. Auk þess fór minjavörður á vettvang og skoðaði aðstæður.

5. Fornleifaskrá

Einn minjastaður bættist við fyrirbyggjandi skráningu.

3064:001 Vegur. Frá Eskifjarðarbænum má sjá móta fyrir óljósum veg. Vegur liggur framhjá Eskifirði og inn Eskifjarðarheiði en um er að ræða kaupstaðarleið frá Eskifirði og áður Stekk við Stóru-Breiðuvík til Héraðs. Á loftmynd frá 1955 má sjá veginn en hann er einnig merktur inn á túnakorti Eskifjarðarbæjarins.




Mynd 2 – Horft til austurs að Eskifirði yfir þar sem vegurinn er.

6. Niðurstöður

Skipulagssvæðið er innan jarðar Eskifjarðar en það er landnámsjörð og hefur svo verið bændaeygn frá fornu fari. Svæðið er að miklu leyti raskað vegna framkvæmda við gangnagerðina fyrir utan svæðið næst Eskifjarðarbænum.

Skipulagssvæðið nær yfir gamla heimatún Eskifjarðar en auk þess var ein þekkt fornleif innan svæðisins samkvæmt fyrri skráningu. Um er að ræða afbýlið Bakka (155959 130-19) sem stóð í Bakkatúni en nákvæm staðsetning afbýlisins liggur ekki fyrir sökum sléttunar túna.

Einn minjastaður bættist við fyrirbyggjandi skráningar á svæðinu en það er vegur sem hefur legið í gegnum Eskifjarðarbæinn og vestur upp Eskifjarðarheiðina. Tvær uppistandi byggingar eru innan svæðisins, dæluhús reist árið 2005 og önnur skúrbygging sem hefur verið reist í kringum athafnarsvæði í tengslum við gerð Norðfjarðarganganna upp úr 2013. Hvorugar falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.



Mynd 3 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.

7. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. (2007). *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda við Norðfjarðarveg og Norðfjarðargöng*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga. (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.

<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Skipulagsvefsjá Fjarðabyggðar.

<http://www.map.is/fjardabyggd>

Túnakort Eskifjarðar. (1919). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Eskifjarðar. Skráð af Stefáni Einarssyni. Örnefnastofnun Íslands.

Myndaskrá

Mynd 1 – Úttektarsvæðið ofan á loftmynd frá 1955	4
Mynd 2 – Horft til austurs að Eskifirði yfir þar sem vegurinn er.....	5
Mynd 3 – Mynd af úttektarsvæðinu með skráðum minjum.....	6

Viðaukar

Landupplýsingargögn
Skráningartafla